


Lóðarmörk

Byggingareitur

04 Afstöðumynd
1 : 500

Mhl. 1




01 Grunnmynd Aðaluppdrættir Mhl. 1
1 : 50

**BYGGINGALÝSING**

**Almennt:**
**Götuheiti : Dalabyggð 1**
**Landnr.: 200949**
**Staðgreinir : 8710-1-66100010**

**Lýsing:**
Nýbyggingar eins sumarhúss (mhl. 1) og eins gestahúss (mhl. 2) sem eru staðsett við Dalabyggð 1, í landi Hrunamannahrepps.
Heildarflatarmál bygginga : 54,2 $m^2$
Lóðarstærð : 4.120 $m^2$
Nýtingarhlutfall : 1,3 %
Allar rýmisstærðir eru skilgreindar í skráningartöflu

**Steypurif og timburgólf:**
Dregarar eru T1 2x45x195 mm, ofan á steyptum undirstöðum.
Skrúfaðir saman með 6x90 mm A4 skrúfum
og límdir saman með vatnsþolnu lími.
Gólfbitar eru 45x195 mm c/c 600 mm, gólf er klætt með 21 mm nótuðum furuborðum.
Einangrun í gólfi er 195 mm steinull.
U-gildi gólfs er 0,3.
Tryggja skal að samskeyti á rakasperru séu þétt. Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

**Útveggir:**
Burðarvirki útveggja er 45x145 mm, klædd að utan með 12 mm krossvið. Utan á lóðréttar stoðir útveggja koma 21 x 45 mm lóðréttar lektur. Utan á þær koma 25 x 45 mm láréttar lektur. Útveggir eru svo klæddir að utan með 21 mm standandi grenipanel.
Loftræst bil skal vera að lágmarki 22 mm, c/c 400/600, með 6-9 mm krossviðsbúta (eða sambærilegt) undir loftræsta bilið (grindina) til að tryggja óhindrað loftflæði og minnka rakasöfnun. Einnig skal setja músanet að neðan allan úthringinn.
Einangrun útveggja er 145 mm steinull.
Að innan kemur rakavarnarlag, þolplast eða sambærilegt. Tryggt skal að öll samskeyti séu þétt. Lagnagrind er fura/greni 34*48 mm, c/c 400/600 og loks klæðning í flokki 2.
U-gildi útveggja er 0,3.
Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

**Þakvirki:**
Burðarvirki þaka er byggt upp með kraftsperrum sem hvíla á útveggjum.
Sperruefni að ofan og neðan er 45 x 220 mm. Klætt er ofan á sperrur með 21 mm nótuðum borðum og ofan á klæðningu kemur þakpappi og bárujárn.
Timbur er í flokki C18 eða betra.
Þak er einangrað með 220mm steinullareinangrun með vindvörn.
Neðan á sperrur kemur þolplast rakavarnarlag eða sambærilegt, með 34*45mm lagnagrind c/c 400-600 og loks klæðning í flokki 2.
Í hvert sperrubil skal setja 2 stk. 40 mm loftunarrör til að tryggja lágmarks öndun á þökum samkvæmt byggingareglugerð. Þakhalli 20°.
U-gildi þaks er 0,2.
Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

**Gluggar og hurðir:**
Gluggar eru litaðir álgluggar eða timburgluggar. Gönguhurðir eru litaðar álhurðir eða timburhurðir. Opnanleg fög eru litaðir álprófílar eða timburprófílar.
Flóttaleið er greið út um aðaldyr húss.

**Frágangur innanhúss:**
Léttir innveggir eru hefðbundnir gipsveggir, leiðarar og stoðir úr blikki klæddir með 13mm harðgipsi eða hefðbundnir timburveggir , 45*95mm timburstoðir klæddar með furu/grenipanel, einangraðir með 95 mm þéttull.
Veggir í votrýmum skulu vera klæddir með rakaheldum spónarplötum eða sambærilegu. Innihurðir og innréttingar eru hefðbundnar.
Hurðarblað skal vera 80*200mm að lágmarki.

**Burðarvirki og festingar:**
Allt burðarvirki og allar festingar skulu vera samkvæmt teikningum frá verkfræðingi.

**Lagnir:**
Neysluvatnslagnir eru í gólfplötu með ídráttarrörum eða í útveggjum með ídráttarrörum.
Heitt og kalt vatn tengist út við lóðarmörk. Rafmagn verður leitt upp að húsum.
Um er að ræða hitun með hitaveitu. Ofnakerfi verður í húsunum.
Frárennslislagnir fyrir húsin tengjast rotþró á lóð íbúðarhússins.
Frárennslislagnir regnvatns af þökum tengjast í púkk á lóð sumarhúsanna.
Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum.

**Útsetning og hæðarsetning:**
Nánari útsetning og hæðarsetning bygginga tekur mið af öðrum byggingum á svæðinu og skal gerð í fullu samráði við byggingafulltrúa og landeiganda.
Afstöðumynd er gerð á grunni skipulagsuppdráttar.




Yfirlitsmynd

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Sambykkt
07 JUNI 2017
Byggingarfulltrúi

**VERK -**
**05-07-17-01-100 A1**

| | |
|---|---|
| GN : Gólfniðurfall | RV : Rafveita |
| R : Reykskynjari | BO : Björgunarop |
| GK : Gólfkóti | HS : Handslökkvitæki |
| VV : Vatnsveita | EV : Eldhúsvaskur |
| HV : Hitaveita | HL : Handlaug |
| | ➡ Flóttaleið |

Teiknistofa
HAMAR & STRIK
Byggingaverktakar

Hamar & Strik ehf
Kt: 710715-0840
Brandshús 6
801 Selfoss
S: 696-3720 / 691-3720
hamarogstrik@gmail.com

| | | |
|---|---|---|
| Verkefni: | Dalabyggð 1 | |
| Verkhluti: | Grunnmynd mhl. 1, lýsing og afstaða | |
| Landnr: | 200949 | Staðgreinir: 8710-1-66100010 |
| Teiknað af: | Lilja Ómarsdóttir | |
| Kt: | 010578-3889 | |
| Yfirfarið af: | 25/2 | |
| Hönnuður: | Sigurður U. Sigurðsson | |
| Kt: | 290772-4279 | |
| Dags: | 20/07/17 | **VERK - 05-07-17-01-100 A1** |
| Kvarði: | 1:100 | |
| Verknúmer: | 05-07-17-01 | |